

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 4. júní 2008 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Sigríður Gestsdóttir, og Magnús B. Jónsson. Erla Jónsdóttir var í símasambandi á fundinum.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2007

- a) Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og B-hluta stofnana til síðari umræðu. Rekstrarniðurstaða samstæðu ársreikningsins sýnir 68,3 milljóna króna jákvæða niðurstöðu en það er 39,3 milljónum króna betri niðurstaða en endurskoðuð fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur samstæðu námu tæpum 366 milljónum króna og höfðu aukist um tæp 5% milli ára. Skatttekjur sveitarsjóðs að meðtöldu framlagi jöfnunarsjóðs námu 254,8 milljónum og höfðu aukist um tæp 5% frá fyrra ári. Rekstrargjöld samstæðunnar, án fjármagnsliða, námu 341 milljón. Handbært fé jókst um 61,5 milljónir milli ára eða um 9% og var 732,5 milljónir í árslok. Skuldir og skuldbindingar námu 405,4 milljónum en þar af námu langtímaskuldir sveitarsjóðs 46,5 milljónum og lífeyrisskuldbindingar 73,9 milljónum. Í skýringum með ársreikningi kemur fram að laun og launatengd gjöld án breytinga á lífeyrisskuldbindingum námu 46,5% af rekstrartekjum og höfðu hækkað um 5,2% milli ára. Rekstrargjöld án fjármagnsliða námu 93,2% af rekstrartekjum. Sveitarstjórn fór yfir ársreikningin en samþykkti hann síðan og áritaði.
- b) Endurskoðunarbréf Davíðs Búa Halldórssonar PwC lá fyrir fundinum. Í því eru gerðar ýmsar samantektir og fjallað um fjármál sveitarfélagsins og helstu lykiltölur ársreiknings.

2. Áætlun um framkvæmdir við Fellsborg

Fyrir fundinum lá kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við plan og ytri frágang við félagsheimilið. Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun kosta framkvæmdir um 21 milljón miðað við að allt svæðið vestan og norðan við húsið verði endurgert og lagt yfir það malbik. Innifalið í framkvæmdum er aðgegni fyrir hreyfihamlaða sem hefur verið ófullnægjandi að félagsheimilinu. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi áætlanir um framkvæmdir og samþykkti að óska eftir endurmati á nokkrum lausnum áður en framkvæmdir hæfust.

3. Tillaga um makaskipti á eignum.

Fyrir fundinum lá makakaupasamningur og afsal þar sem Fisk – Seafood hf og Sveitarfélagið Skagaströnd gera með sér makaskiptasamning um eignarhlut sveitarfélagsins í Hafnarlóð 6 annarsvegar og eignum Fisk – Seafood að Fjörubraut 6 og Fjörubraut 8 hins vegar. Gert er ráð fyrir að söluverð eignanna verði lagt að jöfnu.

Sveitarstjórn ræddi samninginn en samþykkti hann síðan og fól sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.
Erla Jónsdóttir lýsti sig vanhæfa og vék af fundi á meðan á afgreiðslu málsins stóð.

4. Erindi Hringrásar um athafnasvæði.

Fyrir fundinum lá erindi Hringrásar dags. 27. maí 2008 þar sem sótt er um lóð á Fellsmelum fyrir starfsemi félagsins. Í erindinu kemur fram að óskað er eftir 7000 m² lóð þar sem Hringrás hyggst byggja upp aðstöðu til vinnslu og brottflutnings á brotamálmum. Sveitarstjórn tók jákvætt í erindið og fól sveitarstjóra og oddvita að ræða við fulltrúa Hringrásar um málið og með hvaða hætti hagsmunir beggja aðila verði tryggðir.

5. Bréf:

a) Framkvæmdastjóra SSNV, dags. 19. maí 2008.

Með bréfinu er tilkynnt um ákvörðun stjórnar SSNV frá 13. maí sl. að halda ársþing SSNV 19.-20. september 2008 á Siglufirði.

Bréfið var til kynningar.

b) Hestamannafélagsins Snarfara, dags. 29. maí 2008.

Með bréfinu er farið fram á að sveitarfélagið styðji við reiðnámskeið fyrir börn og unglinga eins og undanfarin ár. Óskað er eftir að sveitarfélagið greiði 50% af þátttökugjöldum eða 5.000 kr. fyrir hvert barn með lögheimili á Skagaströnd. Sveitarstjórn samþykkti erindið.

c) Atvinnuráðgjafa SSNV, dags. 25. maí 2008.

Með bréfinu er farið fram á kostnaðarþátttöku að upphæð 70 þús. kr. í útgáfu ferðaþjónustubæklings fyrir Húnavatnssýslur.

Erindið var samþykkt.

d) BioPol ehf, dags. 30. maí 2008.

Með bréfinu er boðað til aðalfundar BioPol ehf fimmtudaginn 19. júní nk.

Bréfið var til kynningar.

e) Framkvæmdastjóra lækninga HSB, 28. maí 2008.

Bréfið er svarbréf við erindi sveitarstjóra um þjónustu sjúkrabíla. Í bréfinu kemur fram að sú breyting hefur verið gerð að í alvarlegum útköllum á Skagaströnd og í Skgabyggð verði kallaður út sjúkrabíll á Skagaströnd milliliðalaust auk sjúkrabíls frá Blönduósi sem komi með lækni á staðinn.

Bréfið var til kynningar.

6. Fundargerðir

a) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 15. maí 2008.

Fundargerðin var samþykkt og einnig samþykkt að nýta ónotaða heimild frá síðasta ári að upphæð 100.000 kr. til menningarstyrkja.

- b) Iðjunefndar A-Hún, 27. maí 2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Héraðsráðs, 21. maí 2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 27. maí 2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Menningarráðs Norðurlands vestra, 20. maí 2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar SSNV, 13. maí 2008
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Stjórnar Sambands ísl. sv.fél. 23. maí 2008.
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

Oddviti gerði grein fyrir fundi samráðshóps um samstarfsverkefni sveitarfélaga í A-Hún. Fram kom að á fundinum hafi verið gerðar minniháttar breytingar á samþykktum um byggðasamlög sem voru til umfjöllunar á síðasta fundi. Einnig kom fram að sveitarstjórnir þurfi að skipa í stjórnir byggðasamlaga um

- Byggðasamlag um tónlistarskóla.
 - Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál.
 - Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu.
- Auk þess þurfi að tilnefna fulltrúa í tvær nefndir:
- Búfjáreftirlits- og fjallskilanefnd.
 - Gróður- og náttúruverndarnefnd.

Fram kom að ekki er forsenda til að tilnefna í gróður- og náttúruverndarnefnd fyrr en eftir tilnefningu Búnaðarsambandsins. Samþykkt að fresta jafnframt tilnefningu í búfjáreftirlits- og fjallskilanefnd.

Samþykkt að tilnefna eftirfarandi:

Byggðasamlag um tónlistarskóla.
Halldór G. Ólafsson og Sigríður Gestsdóttir til vara.

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál.
Adolf H. Berndsen og Halldór G. Ólafsson til vara.

Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu.
Magnús B. Jónsson og Jensína Lýðsdóttir til vara.
Greidd voru atkvæði um varamann og fékk Jensína Lýðsdóttir þrjú atkvæði en Erla Jónsdóttir tvö.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10⁵⁰

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)